

27. nóv. 2007

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/511*  
*komudagur 28.11.2007*

Bílgreinasambandið hefur mótttekið frumvörp til laga þskj.23 – 23.mál. Þskj.250 – 231 mál. og þskj.4 – 4. mál.

Bílgreinasambandið gerir engar athugasemdir við áðurnefnd frumvörp.

Fh. Stjórnar Bílgreinasambandsins.

Með kveðju/ Best regards  
Bílgreinasambandið

Özur Lárusson  
framkvæmdastjóri/ General Manager.

Dagsetning  
1.12.2007

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um olfugjald og kílómetragjald, 4.. mál, endurgreiðsla gjalds.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Frumvarpið, sem felur í sér lækkun flutningskostnaðar með endurgreiðslu olfugjalds og mun því væntanlega verða landsbyggðinni til hagsbóta. Byggðastofnun hefur á undanförunum árum unnið að tillögum um endurgreiðslu flutningskostnaðar á landsbyggðinni og telur að hér sé um að ræða eina leið til að hann geti lækkað. Stofnunin telur að lagabreytingarnar geti bætt stöðu landsbyggðarinnar og styður þær.

Virðingarfyllst



Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar



Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/584**  
**komudagur 30.11.2007**

Reykjavík, 26. nóvember 2007  
HB/hó

**Efni: Frumvörp til laga um olúgjald og kílómetragjald, 231. mál og 4. mál,  
endurgreiðsla gjalds**

*Tilv: 2007110018*

Vísað er tvö í bréf efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 22. nóvember sl., þar sem leitað er umsagnar um ofangreind frumvörp.


Með fyrra frumvarpinu er verið að festa til frambúðar tímabundna lækkun olúgjalds og kílómetragjalds á bifreiðar til sérstakra nota til þess að gera díselbíl samkeppnishæfari gagnvart bensínbílum.

Bændasamtökin eru sammála markmiðum frumvarpsins, en miðað við núverandi verðlag á díselolíu og bensíni, þyrfti að ganga lengra í þessa átt til að gera díselbílinn virkilega að fýsilegri kosti sem einkabíl.

Seinna frumvarpinu, 4. máli, mun ætlað að draga úr flutningskostnaði, þótt sá rökstuðningur komi ekki sérstaklega fram í greinargerð með frumvarpinu.

Bændasamtök Íslands styðja alla viðleitni til að lækka flutningskostnað, sem varðar sérstaklega miklu fyrir lífskjör og samkeppnisstöðu atvinnulífs á landbyggðinni.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Haraldur Benediktsson



– fyrir íslenska verslun

Alþingi  
Erindi nr. P 135/510  
komudagur 28.11.2007

Alþingi  
efnahags- og skattanefnd  
Alþingishúsinu v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.11.2007  
Tilv. 2007/0076  
SÖG

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, 4. mál, endurgreiðsla gjalds.**

Félag íslenskra stórkaupmanna vísar til erindis Alþingis frá 22. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, 4. mál, endurgreiðsla gjalds.

Í frumvarpinu er lögð til sérstæk aðgerð til lækkunar á gjöldum á flutningsaðila sem stunda farmflutning í skilningi i og j liðar 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga. Tekjur af umræddum gjöldum renna að mestu til Vegagerðarinnar. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að tekjustofnar stofnunarinnar eigi ekki að dragast saman verði frumvarpið að lögum og tiltekið að eðlilegt væri að annaðhvort hækki framlög ríkissjóðs til stofnunarinnar skv. fjárlögum eða að nýr útgjaldaliður verði settur inn í fjárlög til að mæta þeim kostnaði sem fellur á ríkissjóð vegna endurgreiðslunnar. Þessar tilgreindu röksemdir eru þó ekki tilgreindar nánar og ekki sagt hvaðan fjármunirnir eiga að koma.

Félagið er almennt andvíggt sértækum aðgerðum í skattlagningu. Slíkt skilar minni fjármunum í ríkissjóð en sem nemur þeirri skattalækkun sem fellur í skaut lögaðila eða borgara þessa lands. Þá er nauðsynlegt að þeir sem slíkt leggja til geti þess nákvæmlega hvar þeir sjái skattbyrgðina aukast til að vega upp á móti skattalækkuninni. Það er ekki gert í þessu frumvarpi.

Í ljósi ofanritaðs leggst Félag íslenskra stórkaupmanna gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllst  
f.h. Félags íslenskra stórkaupmanna

  
Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.



Félag löggiltra endurskoðenda

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/794*  
*komudagur 5.12.2007*

Reykjavík 4. desember 2007  
Tilv. FLE 19-2007

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**b/t Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara**

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um olúgjald og kólómetragjald,**  
**4. mál, endurgreiðsla gjalds.**


Með bréfi dags. 22. nóvember s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið síðan til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

  
Gunnar Sigurðsson  
Faglegur framkvæmdastjóri FLE



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/647**  
**komudagur 3.12.2007**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10

Dagsetning  
30.11.2007

Tilvísun  
A-8  
LÖ/mb

**150 REYKJAVÍK.**

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 22. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald, 4. mál, endurgreiðsla gjalds.

Í frumvarpinu er lagt til að þeir, sem stunda framflutninga í atvinnuskyni eða í tengslum við atvinnurekstur, sbr. i- og j-lið 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga, skuli fá endurgreitt 50% olúgjalds vegna starfsemi sinnar.

Að mati Ríkisendurskoðunar er full þörf á að greina nánar frá því í frumvarpinu hvernig standa skuli að endurgreiðslu og eftirliti með endurgreiðslum á olúgjaldi skv. frumvarpi þessu, nái það fram að ganga. Með hliðsjón af lögbundnu hlutverki sínu telur stofnunin að öðru leyti hvorki rétt né eðlilegt að taka afstöðu til frumvarpsins.

Sig. Þórunn  
Lárus Ógm.

Alþingi

Erindi nr. Þ 135/509

komudagur 28.11.2007

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahgs- og skattanefnd  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. desember 2007 02-2007111012  
G-ums 10/07

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004 - 4. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 23. nóvember 2007 móttengið bréf yðar dagsett 22. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004.

Umrætt lagafrumvarp gerir ráð fyrir því að endurgreiða skuli 50% olúgjalds af olfu sem flutningsaðilar skv. i- og j-lið 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, kaupa til flutnings.


I-liður framangreindra laga nr. 73/2001, skilgreinir hvað falli undir farmflutninga í atvinnuskyni með eftirgreindum hætti: Flutningur á hvers kyns farmi gegn endurgjaldi þegar flutningsþjónusta er seld sérstaklega og flytjandi starfar við flutningsþjónustu. Sem dæmi má nefna farmflutningafyrirtæki og vörubifreiðastjóra sem starfa sem verktakar við flutning á farmi.


Í j-lið framangreindra laga nr. 73/2001, er fjallað um farmflutninga í eigin þágu og þeir skilgreindir svo: Flutningur farms þegar ekki er innheimt sérstakt gjald fyrir flutninginn. Sem dæmi má nefna flutning iðnfyrirtækis á eigin hráefni og/eða aðföngum með merktum bifreiðum, svo sem flutning á gosdrykkjum og flutning með mjólkurbifreiðum. Einnig flutningur verktaka sem starfa við annars konar verktöku en flutningsþjónustu þótt flutningurinn sé hluti af verki, svo sem verktaka við byggingar.

Í dag er að finna í lögnum endurgreiðsluheimild til handa þeim er hafa einkaleyfi til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflytninga og efnisflutninga á landi. Um er að ræða fáa aðila í sérhæfðum akstri, sem ríkisskattstjóri hefur reglubundið eftirlit með. Ekki verður séð að framkvæmdin verði jafn einföld og skilvirk ef endurgreiðsluheimild yrði jafn víðtæk og frumvarpið gerir ráð fyrir, en hér er m.a. gert ráð fyrir flutningi verktaka við byggingar sbr. j-lið 3. gr. laga 72/2001. Undir það geta fallið mjög margar bifreiðar mjög margra aðila. Viðkomandi aðilar þyrftu þannig að halda utan um það hve mikil olía er notuð vegna fyrrgreinds aksturs til að sýna fram á rétt til endurgreiðslu vegna olíunotkunar er félli þar undir. Verður ekki annað séð en að eftirlit með slíku yrði mjög flókið og tímafrekt og má ætla að verði umrætt lagafrumvarp að veruleika þurfi embætti ríkisskattstjóra að fjölga um a.m.k. tvo starfsmenn til að sinna slíku eftirliti.

Sé grunnhugmyndin með frumvarpinu að lækka flutningskostnað þyngri bifreiða (10 tonn og yfir) væri mun einfaldara að undanþiggja slíkar bifreiðar kílómetragjaldi.

Virðingarfyllt  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

  
Guðrún J. Jónsdóttir





**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/646**  
**komudagur 3.12.2007**


30. nóvember 2007  
SI-36654


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 22. nóvember 2007 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, 4. mál, endurgreiðsla gjalds.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem reka farmflutninga í eigin þágu (t.d. vegna útkeyrslu vöru) og farmflutninga í atvinnuskyni fái endurgreidd 50% af greiddu olúgjaldi. Vert er að benda á að engin rök eru færð fyrir þessari almennu niðurgreiðslu í greinargerð frumvarpsins, en tekið fram að flutningsmenn ætlist til að ríkissjóður bæti Vegagerðinni upp tekjutap af endurgreiðslunni. Að öðru leyti sér Seðlabankinn ekki ástæðu til að taka afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

  
Ingimundur Friðriksson  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi  
Erindi nr. P 135/707  
komudagur 4.12.2007



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 30. nóv. 2007

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004**

Við þökkum móttekið bréf samgöngunefndar Alþingis dags. 22. nóv. sl. þar sem óskað er umsagnar SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu við ofangreint frumvarp.

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu fagna þeirri hugmynd í frumvarpinu að gera ráðstafanir til að lækka flutningskostnað innanlands. Það er sérstakt gleðiefni að menn átti sig á að það er samhengi á milli skattlagningar ríkisins á þessa atvinnugrein og flutningskostnaðar. Það liggur fyrir að álögur hins opinbera á landflutninga eru mjög miklar og hafa bein áhrif á flutningskostnað. Með þessu frumvarpi er gerð tilraun til að hafa áhrif á það sem er augljóslega eftirsóknarvert fyrir hagsmunaaðila í landflutningum.

Það er ástæða til að benda á að önnur leið að sama markmiði gæti falist í einföldun kerflsins frá því sem nú er. Landflutningabílar búa við tvöfalt kerfi annars vegar olú- og kílómetragjald og hins vegar þungaskatt. Þungaskattskerfið virkar sem sérstakar umframálögur á þeim landsvæðum þar sem samgöngur eru hvað verstar s.s. á Vestfjörðum. Þar sem aðstæður eru erfiðar er eldsneytiseyðslan mest og kostnaðurinn á ekinn km því hærri en annars staðar. Það þarf að einfalda kerfið þannig að landflutningagreinin búi við eitt skilvirkt kerfi.

Virðingarfyllst

Sigrún Sigurðardóttir  
forstöðumaður flutningasviðs

Alþingi  
Erindi nr. P 135/831  
komudagur 6. 12. 2007



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 5. desember 2007

Tilvísun: UST20071100139/hj

Alþingi - Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


### Frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald, 4. mál, endurgreiðsla gjalds.


Umhverfisstofnun hefur borist beiðnu um umsögn um frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald, 4. mál, endurgreiðsla gjalds.

Í frumvarpinu er verið að leggja til breytingar þannig að endurgeiða skuli 50% olúgjalds sem flutningsaðilar skv. 1- og j-lið 3. gr., laga nr 73/2001 um fókshlutninga og farmflutninga á landi, greiða.

Umhverfisstofnun telur að tillagan taki ekki mið af stefnu stjórnvalda í loflagsmálum og sé til þess fallin að auka útblástur frá flutningatækjum. Stofnunin minnir á starfshóp á vegum fjármálaráðherra sem falið var að móta heildarstefnu að því er varðar skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Starfshópurinn hefur kallað Umhverfisstofnun á sinn fund og bað stofnunina í framhaldi af því að vinna tillögur fyrir starfshópinn sem hafa það að markmiði m.a. að hvetja til notkunar á vistvænna ökutækja, hvetja til orkusparnaðar, hvetja til minnkunar á losun gróðurhúsaloftgunda frá samgöngum og hvetja til aukinnar notkunar innlendra orkugjafa.

Virðingarfyllst

  
Elly K. Guðmundsdóttir  
Forstjóri

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/585**  
**komudagur 30. 11. 2007**

Nefndasvið Alþingis  
Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari  
Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2007  
Tilvisun: 2007110041/90.12  
HMS/BH  
22.11.2007

**Efni: Varðandi: Þskj. 4 – 4. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004.**

Frumvarpið fjallar um að endurgreiða 50% af olúgjaldi til allra þeirra sem stunda flutningastarfsemi í atvinnuskyni hvort sem hún er í eigin þágu eða seld öðrum.

Olúgjaldið er markaður tekjustofn til vegagerðar.

Ljóst er að hér er átt við mjög stóran hluta greiðenda olúgjaldsins og þar að auki stærstu greiðendurna. Ekki er í frumvarpinu lagt mat á hvað þessar breytingar muni kosta ríkissjóð, en gert er ráð fyrir að vegasjóði verði bættur þessi tekjumissir með einum eða öðrum hætti.

Olúgjaldið á að skila 5,5 milljörðum króna á árinu 2008 og gróft má reikna að hér sé um hundruðir milljóna að ræða líklega rúman milljarð. Ekki er í frumvarpinu bent á neina leið til að bæta ríkissjóði þetta tekjutap eða hvar hægt sé að skera niður útgjöld á móti.

Allar undanþágur eða endurgreiðslur í skattkerfum eru óæskilegar. Þær eru yfirleitt erfiðar og dýrar í framkvæmd. Hér er líklega um hátt á annan tug þúsunda ökutækja að ræða þannig að umfangið er mikið.

Í fjöldamörg ár hafa markaðar tekjur til vegagerðar staðið undir stærstum hluta framkvæmda í vegamálum hér á landi og litið hefur verið á, að eðlilegt sé að notendur veganna greiði fyrir uppbyggingu og viðhald þeirra. Stórir og þungir flutningabílar slíta vegunum langmest allra og Vegagerðin telur ekki eðlilegt að þeir séu á sérkjörum hvað gjalddöku viðkemur.

Ef styrkja þarf flutningaþjónustu á Íslandi er eðlilegra að gera það með öðrum hætti.

Virðingarfyllt,



Gunnar Gunnarsson, aðstoðarvegamálastjóri.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/708*  
*komudagur 4.12.2007*



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004 (4. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að flutningsaðilar sem stunda farmflutninga í skilningi laga um fólksflutninga og farmflutninga fái endurgreitt 50% af olúgjaldi.*

**Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs